

**Nd.**

## **470. Frumvarp til laga**

um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 444 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. eru allar fasteignir bæjar- og sveitar-sjóða, nema leigulóðir og jarðir í leiguabúð. Ennfremur eru undanþegnar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, barnahæli, elliheimili, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti, sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

24. gr. hljóðar svo:

Sildarverksmiðjur ríkisins skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem þær eru starfræktar, 0,8% af andvirði selðrar framleiðsluvöru verksmiðjunnar. Skattur þessi greiðist 1. marz ár hvert af andvirði þess vörumagns, sem selt hefir verið frá 1. marz árið áður.

25. gr. hljóðar svo:

Fé það, er í 23. gr. getur, skal leggja í sjóð og ávaxta í banka með ríkis-ábyrgð, og nefnist sá sjóður „Jöfnunarsjóður kaupstaða og kaupstúna“.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirumsjón með sjóðnum og sér um, að í hann sé greitt á réttum gjalddaga fé það, er sjóðnum ber, og ávisar hann greiðslum úr honum samkvæmt því, er segir í eftirfarandi greinum.